

26/1/2018

Fundur ungmennaráðs hrunamanna

Mættir : Sigríður ,Rúnar , Viktor ,Bartek, Anna Marý

auk Maju starfsmanns

Ritari: Bartek

Forfallaðir: Máni ,Kristjana , Óskar (varamaður), Brynja (varamaður), Birgir (varamaður)

Fyrsta mál á dagskrá:

rifjað var upp hugmyndir frá síðasta fundi um menningarmars. Ungmannaráðið ræddi um hugmyndirnar og öllum leyst best á að hafa tvo viðburði: annarsvegar ball fyrir framhaldsskólaaldur og plús og voru ræddar útfærslur þess og mögulegar tímasetningar. Hvort ætti að hafa ballið fyrir krakka á 17. eða 18. aldursári.

Staðfest var að hafa ballið á föstudeginum 9. mars

Hinn viðburðurinn verður að hafa hafa bíókvöld í samstarfi með félagsmiðstöðinni á fimtudeginum 8.mars þar sem væri opið fyrir unglingastigskrakka og eldri.

Staðfest var að fá verktaka í að sjá um ballið og að Rúnar og Anna myndu ræða við þá, Sigríður að tala við húsvörðinn, og bartek ,Kristjan og Máni að velja myndir fyrir bíókvöldið og undirbúa það.

Önnur mál:

- tillaga kom uppá það að koma fyrir fleiri íbúarhúsnæðum á flúðum
- hugmynd kom um að hafa félagsmiðstöðina opna fyrir krakka á 17 ári og plús á einhverjum dögum (auka opnunartímann til að efla félagsstarf fyrir þennan aldurshóp).
- staðfest var að hafa næsta ungmennaráðsfund 9. feb. til að útfæra viðburðina tvo fyrir menningarmars.

Halldóra oddviti kom á fundin og kom með tvö mál til kynningar og umræðu:

- hvort það ætti að lækka kosninga aldur niður í 16 ár til sveitarstjórnarkosninga

Þetta mál var rætt og hugmynd kom á að lækka sveitastjórnarkosningar og láta krakka venjast því að kjósa og hafa sínar skoðanir á hlutunum. Helstu kostir eru að krakkar geta í raun vanist því að kjósa og komið sínum skoðunum á framfarir. Helstu ókostir að krakkar á þessum aldri mjög áhrifagjarni og að þeir hafa kannski ekki nein mikin áhuga á þessu máli og mögulega ekki mikið vit á þessu. Öllum í ungmennaráðinu leist vel á lagafrumvarpið um að lækka kosningaraldurinn.

- hvernig má reyna að minka brotfalli í námi í framhaldsskólum

rætt var um hversu mikið fólk brotnfalla ú námi rætt var um hugmyndir hvað væri hægt að gera til að hjálpa við að stiðja unglunga við nám og kom hugmynd um að auðvelda aðgang á hljóðbókasafni fyrir alment námsfólk að það væri eitt af því sem td. Hrunamannahreppur gæti gert fyrir sín ungmenni til að sporna við brottfalli.

auk þess þótti ungmennaráð mikilvægt að efla geðheilbrigðisþjónustu fyrir ungmenni, og þá strax í grunnskóla.

fundarslit kl 17:26